

## Fundargerð 150. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg  
**Fundardagur:** Miðvikudagur 3. desember 2014  
**Fundartími:** 19:00 – 22:45  
Árni Eiríksson  
Svanhvít Hermannsdóttir  
Margrét Jónsdóttir  
Sigurbára Rúnarsdóttir  
Elín Höskuldsdóttir  
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson setti fund og bauð fundargesti velkomna. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

Samþykkt að fundargerð verði rituð á tölvu sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga.

Samþykkt að bæta við undir liðinn önnur mál, erindi vegna stofnunar lóðar og áður frestuðu erindi frá Markaðsstofu Suðurlands.

### 1. Skipulagsmál: - 80. fundur Skipulagsnefndar dags. 06.11.2014.

#### a) Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. nóvember til 19. nóvember.

Lagðar fram til kynningar.

#### b) Fyrirspurn Galtastaðir – varamóttökustöð.

Lögð fram umsögn umsækjenda deiliskipulags fyrir Galtastaði um innkomnar athugasemdir sem bárust við lýsingu deiliskipulagsins og umsögn Skipulagsstofnunar. Afgreiðslu málsins frestað og skipulagsfulltrúa falið að ræða við skipulagsstofnun varðandi breytingu á aðalskipulagi.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

### 2. Fjárhagsáætlun, Flóahrepps 2015 – 2018, seinni umræða.

Tekin til seinni umræðu, fjárhagsáætlun Flóahrepps fyrir árið 2015 og fyrir árin 2016, 2017 og 2018 sbr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Forsendur álagningar eru eftirfarandi:

Álagningarprósenta útsvars 14,52%

Fasteignaskattur er lagður á í þremur flokkum sem skiptast í eftirfarandi:

a-flokkur 0,50% af fasteignamati:

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

b-flokkur 1,32% af fasteignamati:

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn

c-flokkur 1,35% af fasteignamati:

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnaði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Vatnsgjald

Vatnsgjald verður 0,2% af fasteignamati eignar sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins.

Lágmarksálagning verður 10.000 kr. og hámarksálagning verður 23.000 kr. á íbúðar- og sumarhús.

Lóðarleiga er 1% af lóðamati.

- Áætlun fyrir A og B hluta árið 2014 gerir ráð fyrir eftirfarandi í þús. kr.:
- Heildartekjur: 503.503
- Rekstrargjöld: 494.220
- Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) (4.464)
- Rekstrarniðurstaða fyrir A og B hluta: 4.819
- Veltufé frá rekstri: 28.528
- Fjárfesting ársins: 32.750
- Afborganir langtímalána: 5.167

Framlögð fjárhagsáætlun samþykkt með 5 atkvæðum.

### **Gjaldskrá staðfest.**

#### **Sorphirðu-og sorpeyðingargjald**

Lagt er til að gjaldskrá sorphirðu í Flóahreppi hækki um 6 %.

Gjald fyrir seyrulosun leggst bæði á íbúðarhús og sumarhús.

Sorphirðugjald er sbr. samþykkt um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi

|                    |            |
|--------------------|------------|
| a) 240 lítra tunna | 12.720 kr. |
| b) 660 lítra kar   | 34.980 kr. |
| c) 1100 lítra kar  | 58.257 kr. |

Sorpeyðingargjald:

|                              |            |
|------------------------------|------------|
| Íbúðir                       | 12.126 kr. |
| Sumarhús                     | 12.126 kr. |
| Atvinnurekstur iðnaðarhverfi | 26.457 kr. |
| Atvinnurekstur lögbýli       | 14.331 kr. |

Seyrulosun 8.000 kr.

Sveitarstjórn staðfestir gjaldskrána og samþykkir hana með 5 atkvæðum.

### **3. Ályktun Atvinnu-og umhverfisnefndar vegna plastpokalauss Flóahrepps.**

“Atvinnu- og umhverfisnefnd leggur það til við sveitastjórn að Flóahreppur taki þátt í því átaki að fá fólk til þess að hætta að nota plastpoka undir sorp og til innkaupa og nota heldur fjölnota innkaupapoka eða mais poka. Þá leggur nefndin til að sveitastjórn sýni hug í verki og skoði kostnað við að kaupa af kvenfélögum Flóahrepps fjölnota innkaupa poka og gefa öllum heimilum Flóahrepps og styðja þannig í leiðinni það góða starf sem kvenfélögin inna af hendi. Flóahreppur hefur löngum staðið framarlega í umhverfismálum og þátttaka í þessu verkefni myndi renna styrkari stoðum undir þá ímynd. Einnig leggjum við til að sveitarfélagið skori í framhaldinu á önnur sunnlensk sveitarfélög að fara sömu leið.”

Fyrir hönd Atvinnu- og umhverfisnefndar, Ingunn Jónsdóttir, Helgi Sigurðsson og Jóhann Helgi Hlöðversson.”

Sveitarstjórn leggur til að sveitarstjóri kanni kostnaðinn sem liggur í því að taka þátt í þessu verkefni og hvort möguleiki er á samstarfi við kvenfélögin í sveitarfélaginu um það.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

### **4. Drög að samstarfssamningur um verkun og förgun seyru.**

Lögð fram drög að samstarfssamningi milli sveitarfélaganna Hrunamannahrepps, kt. 640169-2309, Bláskógabyggðar, kt. 510602-4120, Grímsnes- og Grafningshrepps kt. 590698-2109, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, kt. 540602-4410 og Flóahrepps, kt. 600606-1310, um verkun og förgun seyru. Hlutdeild Flóahrepps í stofnkostnaði

verður 5 % og er reiknuð hlutfallslega útfrá fjölda byggðra lóða sem hafa hlotið lokaúttekt byggingarfulltrúa í sveitarfélögunum og eiga að vera tengd fráveitukerfi. Árlegum rekstrarkostnaði við verkefnið verður síðan skipt milli sveitarfélaganna eftir magni hreinsaðrar seyrú (m3).

Samningurinn samþykktur með 5 atkvæðum og oddvita falið að skrifa undir hann fyrir hönd Flóahrepps.

**5. Drög að afnotasamningi vegna lóðarinnar „Gámasvæði 2“ Flúðum Hrunamannahreppi.**

Lögð fram drög að „afnotasamningi“ milli Hrunamannahrepps, kt, 640169-2309 nefnds leigusala og Tæknisviðs Uppsveita, f.h. Umsjónarsveitarfélags (Grímsnes-og Grafningshrepps) kt. 590698-2109, hér nefndur leigutaki um lóðina „Gámasvæði 2“ á Flúðum í Hrunamannahreppi. Lóðin er leigð til 30 ára frá undirritun samingsins, og ætluð til afnota við verkun seyrú. Ársleiga af lóðinni er 280.000 kr. Leigan er verðtryggð með vísitölu bygginarkostnaðar, upphafsvísitala desember 2014 uppfærast 1. janúar ár hvert. Sveitarstjórn bendir á að uppsagnarákvæði vantar í samninginn en að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við hann.

Samþykkt með 5 atkvæðum

**6. Uppsögn á stöðu í leikskólanum Krakkaborg.**

Lagt fram uppsagnarbréf frá Jónu Björgu Jónsdóttur, leikskólastjóra leikskólans Krakkaborgar.

Sveitarstjóra falið að auglýsa stöðuna í Fréttablaðinu, staðarblöðum og á heimasíðum Flóahrepps og Skóla og velferðarþjónustunnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**7. Erindi frá Alta - Kortlagning á auðlindum ferðaþjónustunnar.**

Farið yfir upplýsingar um valda staði í Flóahreppi sem fram eru settir á vef Alta og hafa aðráttarafl fyrir ferðamenn. Gerðar smávægilegar lagfæringar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**8. Kynningarátak Suðurlands 2015. Átak á vegum SASS, sveitarfélaga og N4.**

Lögð fram drög að samkomulagi milli Flóahrepps og N4 vegna kynningarátaks á Suðurlandi. Verkefnið felur í sér umfjöllun um Suðurland á sjónvarpsrás N4 í vikulegum þætti á tímabilinu 1. jan. 2015 – 1. júlí 2015. Efnistöð umfjöllunar skulu vera m.a. ungt fólk, ferðaþjónusta á svæðinu, frumkvöðlar og menningarlíf. Framlag Flóahrepps vegna verkefnisins er 500 þús kr. Sveitarfélagið tilnefnir þriggja manna vinnuhóp sem er verktökum til aðstoðar við þáttargerðina með því að senda inn ábendingar um athyglisvert umfjöllunarefni. Sveitarstjórn felur atvinnu og umhverfisnefnd að tilnefna þrjá fulltrúa í samstarfshópinn.

Samkomulagið samþykkt með 5 atkvæðum og sveitarstjóra falið að undirrita samninginn.

**9. Tilboð frá ON í söluhluta raforku.**

Lagt fram tilboð frá Orku náttúrunnar í raforkusölu hjá Flóahreppi. Tilboðið gerir ráð fyrir 10,5 % afslætti á heildarnotkun sveitarfélagsins

Lagt er til að sveitarstjóri leiti einnig tilboða hjá öðrum orkusöluaðilum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**10. Frá Námsmatsstofnun um Ytra mat á leikskólum 2015.**

Námsmatsstofnun mun láta gera mat á 6 leikskólum á árinu 2015 sbr. lög nr. 90/2008 um leikskóla, gildandi reglugerðir um mat og eftirlit og þriggja ára áætlanir mennta- og menningarmálaráðuneytisins um úttektir á þessu skólastigi.

Lagt er til að sótt verði um úttekt fyrir leikskólann Krakkaborg.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

### **11. Erindi frá Svanhvíti Hermannsdóttur og Elínu Höskuldsdóttur, opnunartími félagsheimila í Flóahreppi, á helgidögum.**

Rætt um opnunartíma félagsheimila á helgidögum en samkvæmt bókun sveitarstjórnar frá 11. janúar, 2012 þá hefur verið í gildi sú regla að félagsheimilin eru lokuð jóladag og nýársdag.

Lagt er til að efnisatriði þessarar bóknar gildi áfram en rekstrastjórn falið að skoða hvort ástæða sé til þess að breyta fyrirkomulagi á opnunartímanum.  
Samþykkt með 5 atkvæðum.

### **12. Fyrirkomulag ræstinga í stofnunum Flóahrepps.**

Samningi við ræstingafyrirtækið Hreint ehf. hefur verið sagt upp.

Skólastjóri hefur óskað eftir því að heimild verði gefin til þess að auglýst verði eftir tveimur skólaliðum sem jafnframt tækju að sér ræstingar þegar samningstími Hreint ehf er liðinn.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum, að fela skólastjóra í samráði við sveitarstjóra að auglýsa eftir tveimur skólaliðum sem tækju til starfa þegar Hreint hættir störfum.

Ræsting í leikskóla: Sveitarstjórn leggur til að auglýst verði eftir starfsmanni í ræstingar í leikskólanum þegar hann flytur í nýtt húsnæði. Sveitarstjóra falið að hafa samráð við leikskólastjóra um málið.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

### **13. Fundargerðir:**

#### **a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 149, 19.11. 2014.**

Lögð fram til kynningar

#### **b) Fræðslunefnar nr. 80, dags. 18.11.2014.**

Lögð fram til kynningar. Ábending um að ekki er tekið fram hver ritaði fundargerðina, samræmi vantar í fundartíma og að eina undirskrift vantar. Ath. að nota sama form við ritun fundargerða og sveitarstjórn. Bent er á að ef hluti fundarmanna yfirgefur fundinn eftir umræðu um hverja stofnun fyrir sig, þá þarf að skipta fundinum í tvennt og rita tvær fundargerðir.  
Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### **c) Æskulýðs-og tómstundanefndar nr. 24, dags. 02.11.2014.**

Bent er á það í fjórða lið fundargerðarinnar, að mikil aðsókn er í að fá far með skólabil, á Selfoss eftir skóla, fyrir nemendur sem stunda þar tómstundastarf. Óskað er eftir afstöðu sveitarstjórnar til þess hvort Flóahreppur geti boðið upp á þessa keyrslu. Sveitarstjóra falið að kanna þörf fyrir aukaakstur í samráði við æskulýðsnefnd. Sveitarstjóra einnig falið að kanna möguleika á samstarfi við Strætó bs um eina morgunferð og eina síðdegisferð um Flóann.  
Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### **d) Stjórnar Skipulags og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. Nr. 22, dags. 06.11.2014.**

Lögð fram til kynningar.

#### **e) Skólalþjónustu-og velferðarnefndar Árneshöfna nr. 7, dags. 18.11.2014.**

Lögð fram til kynningar.

#### **f) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 160, dags. 14.11.2014.**

Lögð fram til kynningar.

#### **g) Almannaþingarnefndar Árneshöfna nr. 19, dags. 06.10.2014.**

Lögð fram til kynningar.

#### **h) Almannaþingarnefndar Árneshöfna nr. 20, dags. 16.10.2014.**

Lögð fram til kynningar.

#### **i) Héraðsnefndar Árneshöfna nr. 5, dags. 14.10.2014.**

Lögð fram til kynningar.

- j) **SASS nr. 484, dags. 23.09.2014.**  
Lögð fram til kynningar.
- k) **SASS nr. 486, dags. 20.10.2014.**  
Lögð fram til kynningar.
- l) **SASS nr. 487, dags. 14.11.2014.**  
Lögð fram til kynningar.
- m) **Aðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands, dags.22.10.2014.**  
Lögð fram til kynningar.
- n) **Aðalfundar SASS, dags. 21. – 22.10.2014.**  
Lögð fram til kynningar.
- o) **Fagráðs Tónlistarskóla Árnesinga, nr. 169, dags. 26.11.2014.**  
Lögð fram til kynningar.
- p) **Rekstrarstjórna Félagsheimilanna, dags. 21.10.2014.**  
Í fundargerðinni er fyrirspurn til sveitarstjórnar um tímamörk á umsóknum vegna styrkja til menningarviðburða. Einnig kom fram fyrirspurn um framlög til rekstrarstjórnar félagsheimilanna í fjárhagsáætlun ársins 2015. Sveitarstjóra falið að senda svör til rekstrarstjórnar. Samþykkt með 5 atkvæðum. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

#### 14. Efni til kynningar:

- a) **Mótmæli vegna samþykktar sveitarstjórnar.**  
Lagt fram til kynningar.
- b) **Kynning á verkefnum Veraldarvina.**  
Veraldarvinir eru samtök sjálfbóðaliða sem unnið hafa að ýmsum umhverfis- og menningartengdum verkefnum í samvinnu við sveitarfélög, fyrirtæki og ferðaþjónustuaðila á undanförunum árum. Netfang samtakanna er [veraldarvinir@veraldarvinir.is](mailto:veraldarvinir@veraldarvinir.is)
- c) **Leiðbeiningar um uppbyggingu ljósleiðaraneta og ríkisaðstoðarreglur EES.** Lagt fram bréf frá póst og fjarskiptastofnun, ásamt leiðbeiningabæklingi um uppbyggingu ljósleiðaraneta. Slóð inn á bæklinginn er að finna á vefnum [www.PFS.IS](http://www.PFS.IS) - Leiðbeiningar um uppbyggingu ljósleiðaraneta og ríkisaðstoðarreglur EES.
- d) **Samstarfssamningur um Frumkvöðlasetur SASS og NMÍ.**  
Lagður fram til kynningar, samstarfssamningur um Frumkvöðlasetur Suðurlands, FRUSS, sem staðsett veður á Austurvegi 56 á Selfossi. Markmið verkefnisins er að örva nýsköpun á Suðurlandi og skapa gott starfsumhverfi með virku stuðnings- og tengslaneti fyrir frumkvöðla. Mynda þannig farveg fyrir hugmyndir og verkefni
- e) **Frá Innanríkisráðuneyti - tímasetningar skila á fjárhagsáætlunum.**  
Lagt fram til kynningar bréf frá Innanríkisráðuneyti þar sem áréttað er að skila þarf sveitarfélög þurfa að skila fjárhagsáætlun næstu fjögurra ára, fyrir 15. desember ár hvert.
- f) **Eyðibýli á Íslandi – 6.- 7. bindi.**  
Lagt fram til kynningar.

#### 15. Önnur mál:

- a) Lagt fram lóðablað sem sýnir afmörkun 80.890 fm lóðar úr landi Langholts 1 (lnr. 166247) utan um íbúðarhús með fastanr. 220-0886. Samþykkt með vísun í 48. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um samþykki eigenda aðliggjandi jarða á hnitsetningu landamarka. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- b) Áður frestað erindi frá Markaðsstofu Suðurlands þar sem óskað er eftir áframhaldandi samstarfi við Flóahrepp. Lögð fram beiðni frá Markaðsstofu Suðurlands um framlengingu á samstarfssamningi við sveitarfélagið til ársins 2017. Gert er ráð fyrir að framlag til rekstursins hækki úr 350 kr. pr. íbúa, í 430 kr. pr. íbúa.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum, framlengingu á samstarfssamningnum um eitt ár. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningnum.

Fundi slitið klukkan 22:45

Árni Eiríksson (sign)

Svanhvít Hermannsdóttir (sign)

Margrét Jónsdóttir (sign)

Sigurbára Rúnarsdóttir (sign)

Elín Höskuldsdóttir (sign)

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri (sign)